



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 127/1347
komudagur 19. 3. 2002

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

18. mars 2002

Varðar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, mál 520.

Náttúrustofa Austurlands hefur farið yfir málið. Sameiginlegt álit forstöðumanns og stjórnar fylgir með þessu bréfi.

Virðingarfyllst,

Guðrún Á. Jónsdóttir

Guðrún Á. Jónsdóttir
forstöðumaður

Líneik Anna Sævarsdóttir

Líneik Anna Sævarsdóttir
formaður stjórnar

Meðfylgjandi: Umsögn Náttúrustofu Austurlands um mál 520.

Umsögn Náttúrustofu Austurlands um frumvarp til breytinga á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 520. mál.

Náttúrustofa Austurlands (NA) fagnar þeim markmiðum að styrkja starfsemi náttúrustofa og skýra hlutverk þeirra en telur að þau náist ekki, með þessu frumvarpi.

Hlutverk löggjafans hlýtur að vera að svara hvaða verkefnum náttúrustofur eiga að sinna

A) fyrir framlög ríkis

B) fyrir framlög sveitarfélaga

C) samkvæmt gjaldskrá eða sérstökum samningum

Grundvallar spurning er hvert er hlutverk sveitarfélaga annars vegar og ríkis hins vegar við rannsóknir og ráðgjöf?

Náttúrustofa Austurlands telur að festa ætti með miklu skýrari hætti hlutverk náttúrustofa við öflum grunnupplýsinga í þeim landshluta sem þær starfa í og tryggja leiðir til að fjármagna þau verk. Það myndi gera náttúrustofum kleyft að byggja upp nauðsynlega þekkingu til að sinna ráðgjafarhlutverki sínu.

Meginatriði frumvarpsins telur NA vera eftirfarandi:

Breytingar sem geta styrkt náttúrustofur ef fé fæst til:

- lögfest er meiri sundurliðun á verkefnum sem tilheyra hlutverki náttúrustofa þótt það leiði ekki sjálfkrafa til aukinna verkefna nema vænta má aukinnar vinnu með náttúruverndarnefndum.

Breytingar sem líklega munu veikja náttúrustofur:

- Sköpuð er óvissa um starfssvæði hvernar náttúrustofu.

- Stjórnarfyrikomulagi er breytt þannig að ríkið afsalar sé ábyrgð á náttúrustofunum.

Mikilvæg atriði sem þarf að laga en ekki er tekið á eða eru afar óskýr:

- Möguleika til grunnagnaöflunar um náttúru og náttúruverndarmál landshlutans eru ekki auknir.

- Ekki verður séð að tryggður sé betri rekstrargrundvöllur þar sem einungis er talað um endurskilgreiningu á framlagi ríkisins sbr. umsögn Fjármálaráðuneytis og sveitarfélög greiða 30% af því. Hingað til hafa sveitarfélögin flest að jafnaði greitt meira en 30 % af ríkisframlagi ef bæði er talið framlag til reksturs og stofnkostnaðar, og hefur stofnkostnaðarframlag margra sveitarfélaga verið hærra en ríkisins.

Annað:

Í ákvæði til bráðabyrgða er að mati NA veittur of skammur frestur til að ganga frá samningum vegna starfandi náttúrustofa, einkum í ljósi þess að í ár fara fram sveitarstjórnkosningar.

Náttúrustofa Austurlands telur með öllu óeðlilegt að ekki er leitað álits sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem reka stofurnar nema Sandgerðis og Grindavíkur, á þessu frumvarpi, þótt málið varði aðkomu þeirra að rekstri stofanna.

Athugasemdir við einstakar greinar

1. gr.

NA gerir ekki athugasemd að öðru leyti en spyrja má af hverju ekki er lagt til að náttúrustofur hafi einnig heimild til að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum.

2. gr.

Vafasamt er að fjölga eigi náttúrustofum en heimilt ætti að vera að hver náttúrustofa starfaði á fleiri en einum stað eins og þegar er á Austurlandi.

Áður stóð m.a. í þessari grein: Starfsemi náttúrustofu getur verið á fleiri en einum stað í kjördæmi eftir skipulagi sem rekstraraðilar koma sér saman um. Heimilt er kjördæmum að sameinast um eina náttúrustofu og telur NA að sú hugsun sé miklu skynsamlegri..

Það mun ekki styrkja uppbyggingu náttúrustofa að búa til óvissu um hvaða landssvæði er starfssvæði hverrar stofu. Sveitarfélögin sem standa að starfandi náttúrustofum hafa ráðist í uppbyggingu miðað við ákveðið þjónustusvæði og því óviðunandi að breyta þeim forsendum nú.

3. gr.

NA telur að ekki hafi komið fram nein rök fyrir því að ríkið þurfi að losa sig frá allri ábyrgð af uppbyggingu og rekstri náttúrustofa a.m.k. meðan á uppbyggingunni stendur. Það getur hins vegar orðið eðlilegt þegar þessar stofnanir hafa öðlast fastann sess.

Ekki verður séð með skýrum hætti af texta þessa frumvarps að styrkja eigi rekstargrunn náttúrustofanna samanber álit Fjármálaráðuneytis um að breytingin leiði ekki til aukinna ríkisútgjalda. Sé hins vegar meiningin að miða framlag ríkis við laun forstöðumanns að viðbætti jafn hárru upphæð mun það leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkið nema ætlunin sé að lækka laun forstöðumanna verulega frá því sem nú er. Það er því mikilvægt að taka af öll tvímæli um þetta atriði og athuga að viðmiðunartölur fyrir laun forstöðumann hafa verið of lágar í mörg ár. Allt frá 1997 hefur framlag ríkis til launa forstöðumanns verið of lágt miðað við umsamin laun og miðað við kjarasamninga sambærilegra stofnanna og ríkisins. Aldrei hefur verið leitað eftir álitum stjórnar náttúrustofunnar á því hver launakostnaður vegna launa forstöðumanns er í raun en stjórnin hefur margoft bent á vandamálið. NA telur að til starfa forstöðumanna eigi að ráða sérfræðinga með mikla menntun og starfsreynslu og að launin verði að taka mið af því, og þróun kjarasamninga hverju sinni.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarfélög greiði 30% af ríkisframlagi en hingað til hefur framlag sveitarfélaga verið mismunandi milli náttúrustofa og ára. Miðað við 2001 greiddi ríkið 5.2 millj. til reksturs og stofnkostnaðar en flest sveitarfélög líklega á bilinu 2 - 4. millj. til stofnkostnaðar og reksturs, eða 38 - 77 % af ríkisframlagi.

Þá má benda á að með þeirri breytingu að ríkið afsali sér ábyrgð á náttúrustofunum virðist gengið í andstæða átt við þann upphaflega tilgang laganna að náttúrustofur gætu breyst í setur Náttúrufræðistofnunar Íslands eftir tiltekin uppbyggingarfasa sbr. 2 gr. laga um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur frá 1992 og greinargerð sem fylgdi með frumvarpi til þeirra laga (t.d. kafla um náttúrustofur með ríkisaðild í kjördæmum). Enn er þó gert ráð fyrir að setrum Náttúrufræðistofnunar geti fjölgað sbr. 2. gr. laga nr. 60/1992, þannig að þau verði fimm, og virðist því stefnt að uppbyggingu á 2 földu kerfi á landsvísu.

4. gr. a

a. Þetta er að mestu samhljóða núverandi lögum og NA og tekur undir það sem þar er lagt til. Þó má benda á að ekki er skilgreint hvaðan fjármagn kemur til gunnupplýsingaöflunar og gangsaöfnunar um náttúru viðkomandi landshluta.

b. NA tekur einnig undir þau atriði sem hér eru talin enda ekki um breytingu að ræða frá núverandi lögum. Ekki hefur þó verið skilgreint hvaðan fé kemur til að sinna þessum verkefnum.

c. NA telur að hér sé verið a.m.k. að hluta að skjalfesta það sem þegar er gert og telur ákvæðið jákvætt. Þótt ekki sé það skýrt orðað í frumvarpinu virðist meiningin vera að aukið framlag ríkisins (sbr. tvöföld laun forstöðumanns) eigi að dekkja þessa vinnu fyrir náttúruverndarnefndir. Osamræmi er milli þess að talað er um aukið framlag ríkis og að í greinargerð Fjármálaráðuneytis er ekki talað um aukin ríkisútgjöld. Þetta þarf að skýra betur.

Vinna fyrir náttúruverndarnefndir mun verða mjög mismikil milli stofa allt eftir fjölda nefnda og mála á hverjum stað. Ef ríkisframlagi er ætlað að dekkja þessa vinnu (sem er alls ekki ljóst) er föst upphæð í slík verk því ekki heppileg. Ennfremur má búast við að það geti orðið afar flókið að binda vinnu fyrir náttúruverndarnefndir í stofnsamningi milli ráðherra og rekstraraðila m.a. vegna þess að uppbygging náttúrustofa er enn ekki komin á það stig að flest sveitarfélögin hafi gengið til liðs við rekstur þeirra.

d. NA bendir á að þetta hefur verið stór hluti af verkefnum NA frá byrjun og því ekki um ný verkefni að ræða og fagnar því að þetta skuli lögfest.

e. NA telur að vafasamt sé að þessu ákvæði fylgi nokkur ný verkefni en fagnar ákvæðinu. Það eftirlit sem fram fer er einkum í formi landvörslu yfir sumarið á ýmsum svæðum sem hafa verið friðlýst. Annað almennt eftirlit með náttúrunni fer varla fram m.a. vegna þess að ekki er ætlað neitt fé til þess. Þá er rétt að benda á að skv. náttúruverndarlögum (44/1999) getur Náttúruvernd ríkisins nú þegar falið náttúrustofunum eftirlit af þessu tagi. Náttúruvernd ríkisins hefur ekki nýtt þá heimild hingað til. Vafasamt er því að þetta ákvæði færi náttúrustofunum aukin verkefni.

NA leggur til að bætt verði við 2 ákvæðum (lið f og g) um að náttúrustofur fái eftirtalin hlutverk með tilvísun í heimildir sem er að finna í náttúruverndarlögum nr. 44/1999:

f. Að annast söfnun upplýsinga fyrir náttúruverndaráætlun sbr. 65. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Þessi gangaöflun er einmitt kjörið verkefni fyrir náttúrustofurnar til að öðlast yfirlitsþekkingu og verða sérfræðingar í náttúruverndarmálum hver á sínu svæði. Þessi möguleiki er nefndur í greinargerð með frumvarpinu en er ekki tekinn inn í lagatextann. Þetta verkefni myndi styrkja verulega möguleika stofanna til að byggja upp þá þekkingu sem þarf til að geta veitt af fagmennsku þá ráðgjöf til náttúruverndarnefnda sem annarsstaðar í frumvarpinu er gert ráð fyrir að náttúrustofur veiti. Þá væri slíkt samstarf Náttúruverndar ríkisins við heimamenn án nokkurs vafa gagnlegt fyrir Náttúruvernd ríkisins.

g. Að annast önnur verkefni fyrir Náttúruvernd ríkisins eins og t.d. rekstur gestastofa sbr. 35 gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

4.gr. b

NA telur eðlilegt að ársskýrsla verði send ráðherra.

5. og 7 gr.

NA telur að núverandi stjórnarfyrikomulag hafi reynst vel og sér ekki ástæðu til að breyta því, og sér ekki hvers vegna ekki má styrkja rekstur náttúrustofa án þess að breyta stjórnarfyrikomulagi

6. gr

NA gerir ekki athugasemd við greinina.